

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2022

2022/EES/45/32

frá 18. mars 2022

um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) og XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1055 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1071/2009, (EB) nr. 1072/2009 og (ESB) nr. 1024/2012 að því er varðar að aðlaga þær að þróun sem orðið hefur á sviði flutninga á vegum ⁽¹⁾.
- 2) X. og XIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 3. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012) í X. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 1055:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1055 frá 15. júlí 2020 (Stjttíð. ESB L 249, 31.7.2020, bls. 17).“

2. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 19a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1071/2009) og lið 25a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 1055:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1055 frá 15. júlí 2020 (Stjttíð. ESB L 249, 31.7.2020, bls. 17).“

*3. gr.*Texti reglugerðar (ESB) 2020/1055, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.*4. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*5. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 249, 31.7.2020, bls. 17.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.